

Styrkir, afslættir og skilgreiningar með gjaldskrá 2026

Frístundastyrkur / hvatagreiðslur: Börn og unglingar, 0-18 ára, með lögheimil í Suðurnesjabæ eiga rétt á frístundastyrk að upphæð kr. 50.000 þar sem eldri aldursmörk miðast við fæðingarár.

Heimgreiðslur: Heimgreiðslur eru ætlaðar til að styðja við fjölskyldur með ung börn á meðan beðið er eftir leikskólaplássi eða annarri dagvistun. Hér fyrir neðan eru nánari upplýsingar um fyrirkomulag heimgreiðslna hjá Suðurnesjabæ, fjárhæðir og gildistíma greiðslna.

Heimgreiðslur eru kr. 104.000 fyrir hvern mánuð. Fyrsta greiðsla hefst þegar barn hefur náð 12 mánaða aldri. Síðasta greiðsla er greidd þann mánuð sem barn verður tveggja ára, eða þar til barni er boðin innganga í leikskóla eða hefur hafið vistun hjá dagforeldri. Heimgreiðslur eru ekki greiddar eftir að barni hefur verið boðin innganga í leikskóla eða hefur hafið vistun hjá dagforeldri. Foreldrar bera ábyrgð á að segja upp heimgreiðslum þegar barn kemst að hjá dagforeldri eða í leikskóla. Einnig ber þeim að upplýsa sveitarfélag ef lögheimili færir úr Suðurnesjabæ. Annars hætta greiðslur sjálfkrafa þegar barn nær tveggja ára aldri.

Dagvistun hjá dagforeldri: Að 18 mánaðar aldri eru kr. 92.000 niðurgreiðsla á mánuði miðað við átta tíma vistun. Hlutfallsleg niðurgreiðsla fyrir skemmri vistun og kr. 110.600 fyrir *afsláttarþega m.v. fulla vistun. Frá 18 mánaðar aldri er kr.137.500 niðurgreiðsla á mánuði m.v. átta tíma vistun.

			Afsláttarþegar*
8	stundir	92.000	110.600
7	stundir	80.700	96.900
6	stundir	69.200	83.000
5	stundir	57.600	69.200
4	stundir	46.100	55.400

Skólamatur: Suðurnesjabær greiðir máltíðir nemenda í grunnskólum sveitarfélagsins að fullu.

Ferðastyrkir vegna framhaldsmenntunar: Nemar sem eiga lögheimili í Suðurnesjabæ og stunda framhaldsnám eiga rétt á ferðastyrk kr. 32.000 fyrir hverja námsönn, miðað við fullt nám. Skilyrði fyrir styrknum er að stundað sé lánshæft nám í dag- eða fjarnámi og ekki sé kostur að stunda námið á Suðurnesjum. Sækja skal um styrk fyrir haustönn eigi síðar en síðasta virka dag desembermánaðar og vorönn fyrir síðasta virka dag maímánaðar. Skilyrði fyrir greiðslu er að námsmaður sýni fram á að námsframvindu, þ.e. að lágmarki 12 ECTS loknar einingar á önn.

Fasteignaskattur: Einstaklingar 67 ára og eldri fá afslátt af fasteignaskatti frá og með næstu áramótum sem þeim aldri er náð.

Afsláttarþegar

Þeir sem eru á tekjubili neðangreindra fjárhæða tekna, fá hlutfallslegan afslátt miðað við viðmiðunartekjur:

Einstaklingar, heildartekjur:
Afsláttarmörk 2026:
neðri mörk: 5.733.372 kr. - efri mörk: 7.691.110 kr.
Hjón / sambúðarfólk, heildartekjur:
Afsláttarmörk 2026:
neðri mörk: 9.089.493 kr. - efri mörk: 12.235.857 kr.

Öryrki er sá sem er á aldrinum 18-67 ára og hefur fengið samþykkt örorkumat hjá Tryggingastofnun ríkisins. Framvísa þarf skírteini TR.

Ellilífeyrisþegi: Sá sem uppfyllir skilyrði um lífeyristöku og fær greiddar lífeyrisgreiðslur.

Einstætt foreldri: Er foreldri sem býr eitt með barni/börnum sínum og er ekki í hjúskap. Skila þarf inn staðfestingu um hjúskaparstöðu og búsetuvottorði.

Námsmaður: Er sá sem er í fullu námi eins og það er skilgreint í kennsluskrá viðkomandi skóla. Framvísa þarf staðfestingu um námsvist eftir hverja önn og er afsláttur leiðréttur eftirá.

